

Styrktarsjóður Garðasóknar Samþykktir

Samþykktar á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar 19. mars 1995
Samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 1995. Breytt 21. mars 2004

1. gr.

Nafn sjóðsins er Styrktarsjóður Garðasóknar. Heimili og varnarþing er í Garðabæ.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

- að veita fjárhagslega aðstoð þeim íbúum Garðabæjar sem verða fyrir sérstökum áföllum t.d. vegna dauðsfalla, veikinda, slysa eða annarra óviðráðanlegra orsaka.
- að styrkja til náms eða þjálfunar þá einstaklinga úr Garðasókn, sem sérstaklega búa sig undir störf að líkarmálum og forvarnarstarfi í baráttunni við vímuefni.
- að veita aðstoð þeim aðilum, sem við tímabundna erfiðleika eiga að etja.
- að styrkja bágstadda í Garðabæ.

3. gr.

Heimilt skal sjóðsstjórninninnui að styðja hjálparstarfsemi utan bæjarfélagsins, ef sérstaklega stendur á.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar.
- b. árlegt framlag Garðasóknar, samkvæmt ákvörðun aðalsafnaðarfundar.
- c. frjáls framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
- d. söfnunarfé meðal einstaklinga og fyrirtækja í Garðabæ.
- e. gjafir og áheiti.
- f. [fjármagnstekjur.]¹

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í bönkum eða sparisjóðum eða á annan öruggan hátt eins og t.d. með kaupum á ríkisskuldabréfum.

6. gr.

Tekjum sjóðsins má sjóðsstjórnin ráðstafa samkvæmt 2. gr. þessara samþykpta. Þó skal að minnsta kosti 10% af árlegum tekjum sjóðsins bætt við höfuðstólinn. Ef sérstök atvik gefa tilefni til má skerða þennan hluta sjóðsins, sem myndar höfuðstólinn. Til þess að slíkt sé hægt að gera þarf að koma til samþykki formanns sóknarnefndar og bæjarstjóra Garðabæjar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Bæjarstjórn Garðabæjar kýs einn stjórnarmann til fjögurra ára. Aðalsafnaðarfundur Garðasóknar kýs tvo stjórnarmenn til fjögurra ára.

Kjör varamanna fer með sama hætti.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Fulltrúi bæjarstjórnar skal þó ávallt vera gjaldkeri.

¹ Samþykkt á aðalsafnaðarfundum 21. mars 2004.

8. gr.

Engin laun greiðast stjórnarmönnum eða öðrum þeim sem leggja fram vinnu fyrir Styrktarsjóðinn.

9. gr.

Formaður sjóðsstjórnar boðar til stjórnarfunda þegar tilefni gefst eða ef einhver stjórnarmaður óskar þess.

Formaður stýrir fundum sjóðsstjórnar.

Sóknarprestur Garðasóknar og fulltrúi frá bæjarstjórn Garðabæjar eiga rétt til að sitja fundi sjóðsstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Heimilt skal formanni sjóðsstjórnar að boða aðra aðila á fundi stjórnarinnar, ef sérstaklega þykir þurfa.

Fundir stjórnarinnar eru því aðeins lögmætir að formaður mæti ásamt ritara og gjaldkera, eða varamönnum þeirra.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum sjóðsstjórnar.

10. gr.

Gjaldkeri sjóðsins gætir fjár hans, færir sjóðbækur, tekur við framlögum til sjóðsins og gefur kvittun fyrir.

Gjaldkeri annast allar greiðslur úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum Garðabæjar.

11. gr.

Ritari sjóðsstjórnar skal bókfæra allar fundargerðir í þar til gerða gjörðabók.

12. gr.

Ár hvert skal sjóðsstjórnin leggja fyrir aðalfund Garðasóknar skýrslu um starfsemi sjóðsins síðasta ár ásamt endurskoðuðum reikningum sjóðsins fyrir liðið reikningsár. Ársreikning skal afhenda sóknarnefnd Garðasóknar og bæjarstjórn Garðabæjar.

13. gr.

Sjóðsstjórnin skal jafnan reyna að afla sér upplýsinga um einstaklinga eða málefni, sem ástæða væri til að styrkja hverju sinni.

Sjóðsstjórnin skal í samráði við sóknarprest Garðasóknar kanna ástæður allar í hverju einstöku tilfelli og leggja málið síðan fyrir fund í sjóðsstjórn til ákvörðunar.

Það er á valdi sjóðsstjórnar, hvort aðstoð skuli veitt, hvort heldur er með óafturkræfu fjárframlagi, ávísun á verðmæti eða láni.

14. gr.

Breyting á samþykktum þessum verður ekki gerð nema til komi samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar og aðalsafnaðarfundar Garðasóknar.

Tillögur um breytingu á samþykktum þessum skulu hafa borist formanni sjóðsstjórnar fyrir 31. desember ár hvert.

15. gr.

Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skal eignum hans ráðstafað eftir ákvörðun sóknarnefndar Garðasóknar og bæjarstjórnar Garða.